

Umræðutillaga

1. Stofna lið U21 leikmanna sem spila í Mizunodeildum karla og kvenna

(Frá endurskoðunarnefnd)

- a. Allir leikmenn 20 ára og yngri eru gjaldgengir í hvern leik
- b. Landsliðsþjálfarar velja 9 - 10 leikmenn fyrir hvern leik og skal miðast við að 60% leikmanna sé á því landssvæði sem leikurinn fer fram á þó ekki úr því liði sem leika á við hverju sinni.
- c. Liðið spilar alla leiki á útivelli um helgar og spilar þá 2 leiki um hverja helgi
- d. BLÍ skal leyttast við að finna kostunaraðila liðanna með því t.d. að selja nafn liðanna til fyrirtækja og skal miða við að kostnaður sé c.a. 1.000.000 kr. Þar skal miða við að meðaltali þurfi að flytja 3 leikmenn, lengra að í hverja 2 leiki.
- e. Þessi lið geta hvorki farið í úrslitakeppni né fallið úr deildinni
- f. Leikmenn sem gjaldgengir eru eru óháðir öllum félagaskiptareglum meðan þeir spila með U21 liði.

Reglugerðarbreyting

2. Úrslitakeppni úrvalsdeilda (frá mótastjóra)

- a. Grein 2.2

Að lokinni deildarkeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni milli efstu liða um Íslandsmeistaratitilinn. Leikin skal úrslitakeppni átta efstu liða **nema ef liðin eru færri en 8 í deildinni, þá skal leikin úrslitakeppni fjögurra efstu liðanna.**

Mótanefnd/mótastjóri BLÍ ákveður hverju sinni fyrirkomulag úrslitakeppninnar eftir fjölda liða í Úrvaldsdeild og tilkynnir liðunum. Spilað er til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Rökstuðningur:

Breyta því þannig að ekki séu öll lið í efsta stigi að leika í úrslitakeppni eins og nú er.